

Skýrsla

Nafn verkefnis:	Fjölbreytt námsmat í 5. og 6. bekk
Höfundur/höfundar:	Aníta, Björk, Gréta og Óðinn
Tímabil:	Veturinn 2006 - 2007
Árgangur/árgangar:	5. og 6. bekkur

Stutt lýsing á verkefninu:

- ✓ Munnleg próf í stærðfræði
- ✓ Ýmsar gerðir af könnunum eftir að unnið hafði verið með ákveðna námsþætti
- ✓ Stöðumat í íslensku
- ✓ Samvinnupróf í íslensku
- ✓ Marklistar í ritgerð
- ✓ Sjálfsmat á námsþáttum í stærðfræði
- ✓ Sjálfsmat í vinnubrögðum í íslensku, stærðfræði og hópavinnu
- ✓ Mat kennara og nemenda á vinnusemi og samvinnu í hópastarfi
- ✓ Reglulegt mat kennara vinnusemi og vinnubrögðum í stærðfræði og íslensku
- ✓ Reglulegt leiðsagnamat kennara
- ✓ Ígrundun nemenda á eigin styrk
- ✓ Sýnismöppur þar sem nem. settu valin verkefni og kynntu fyrir foreldrum sínum

Hvað gekk vel?

Öll ofangreind matsverkefni gengu vel. Nemendum finnst oft gaman í námsmati þar sem það er fjölbreytt.

Hvað hefði mátt fara betur?

Hefðum mátt meta vinnusemi og vinnubrögð oftar. Nokkuð tímafrekt að velja og setja verkefni inn í sýnismöppu. Hefðum þurft að ítreka við nemendur að halda vel utanum verkefni sín svo auðveldara væri að finna verkefni til að setja í sýnismöppu. Viljum sjá meira sjálfsmat hjá nemendum og dýpri ígrundun.

Er hægt að nota verkefnið/námsmatið áfram? Er þörf á umbótum?

Hægt að nota allt áfram og þróa það t.d. með aukinni fjölbreytni og tíðara mati.

Hvernig upplifðu nemendur verkefnið/breytt námsmat?

Nemendum fannst skemmtilegra í námsmati en áður og þeir voru áhugasamari um námsmat og niðurstöður. Nemendur meðvitaðri um stöðu sína í námi og veikar og sterkar hliðar.

Hvaða áhrif hafði verkefnið/námsmatið á kennslu og kennsluhætti?

Námsmatið hafði mikil áhrif á alla kennslu. Námsmatið var skipulagt í tengslum við yfirferð ákveðinna markmiða. Námsmatið var fjölbreyttara og ánægjulegra fyrir nemendur og kennara. Við notuðum gátlista í auknu mæli og því var auðveldara að meta og ræða við nemendur um stöðu þeirra. Niðurstöður námsmats í stærðfræði stýra einstaklingsmiðun náms þ.e.a.s. nemandi heldur ekki áfram í nýtt viðfangsefni fyrr en ákveðnu lágmarki hefur verið náð.

Jákvæð áhrif sýnismöppudags teljum við að auki metnað nemenda fyrir verkum sínum á komandi skólaári, þeir vita nú að hverju þeir stefna. Okkur finnst námsmatið hafa litað alla okkar kennsluhætti og styrkt okkur sem kennara.